

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 175/2013

2014/EES/13/23

frá 8. október 2013

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 70/2012 frá 18. janúar 2012 um hagskýrslur að því er varðar vöruflutninga á vegum (endurútgöfin) ⁽¹⁾.
- 2) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 70/2012 fellur úr gildi reglugerð ráðsins (EB) nr. 1172/98 ⁽²⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 3) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Texti liðar 7f (reglugerð ráðsins (EB) nr. 1172/98) í XXI. viðauka við EES-samninginn hljóði svo:

„**32012 R 0070:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 70/2012 frá 18. janúar 2012 um hagskýrslur að því er varðar vöruflutninga á vegum (endurútgöfin) (Stjtið. ESB L 32, 3.2.2012, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Reglugerð þessi tekur ekki til Íslands.
- b) Reglugerð þessi tekur ekki til Liechtensteins meðan fjöldi vélknúinna ökutækja til vöruflutninga á vegum, sem eru skráð í Liechtenstein og stunda reglubundna vöruflutninga á vegum á yfirráðasvæði EES-ríkja, er ekki meiri en 400 ökutækji.

Stjórnvöld í Liechtenstein skulu, í því skyni, senda Hagstofu Evrópusambandsins árlega upplýsingar um fjölda vélknúinna ökutækja til vöruflutninga á vegum, sem eru skráð í Liechtenstein og stunda reglubundna vöruflutninga á yfirráðasvæði EES-ríkja, eigi síðar en fyrir lok aprílmánaðar næsta árs á eftir. Í þessu sambandi merkir „reglubundinn“ að farið sé frá yfirráðasvæði tollabandalags Sviss og Liechtensteins til ESB oftar en tvisvar í mánuði.

Um leið og reglugerð þessi tekur til Liechtensteins, skal laga gagnaöflunaraðferðina að því hvernig flutningar á vegum eru byggðir upp í því landi, í samráði við Hagstofu Evrópusambandsins. Liechtenstein er einkum heimilt að senda upplýsingar sem taka eingöngu til ökutækja sem stunda reglubundna vöruflutninga á yfirráðasvæði EES-ríkja.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 70/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. október 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 32, 3.2.2012, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 163, 6.6.1998, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. október 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pórir Ibsen

formaður.